



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 8. apríl 2019

RMF19020001

4.4.4

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Svar menningar- og ferðamálasviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um listaverkæign***

Þann 31. janúar sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins í borgarráði í fram svohljóðandi fyrirspurn:

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um listaverkæign borgarinnar sem eru ekki í notkun (eru geymd í geymslum). Óskað er eftir lýsingu á þeim og sundurliðun annars vegar á innanhúslistaverkum og hins vegar verkum sem ætluð eru til skreytinga utanhúss.

Þann 1. febrúar sl. var ofangreind fyrirspurn send menningar- og ferðamálasviði til umsagnar. Listasafn Reykjavíkur, sem varðveitir listaverkæign Reykjavíkurborgar, veitti eftirfarandi svör þ. 6. febrúar sl.:

**Inngangur**

Listasafn Reykjavíkur varðveitir listaverkæign Reykjavíkurborgar. Markmið og tilgangur safnsins er að safna, varðveita, rannsaka og miðla þekkingu og upplýsingum um verkin. Safnið starfar samkvæmt safnalögum og er stærsta og öflugasta listasafn landsins. Miðlun safnkostsins fer einkum fram með sýningum sem byggja á rannsóknum og er ætlað að kynna þann mikilvæga menningararf sem safnið varðveitir. Safnkosturinn er jafnframt aðgengilegur í stofnunum borgarinnar s.s. í þjónustumiðstöðvum, skólum, bókasöfnum, skrifstofum, sundstöðum, Höfða og öðru opinberu móttökurými borgarinnar.

**Safneign skráð verk: 17.495 verk / Skráðar hreyfingar verka 2018: 1.402**

Verk úr safneign Listasafns Reykjavíkur eru reglulega til sýningar í sölum safnsins. Fastasýningar eru á verkum þeirra listamanna sem mynda kjarna safneignarinnar og breytilegar sýningar eru reglulega unnar upp úr safneigninni. Á síðustu árum hefur hlutur safneignarinnar í sýningum safnsins verið aukinn í gegnum sýningverkefni Hrina og Skissa – en á þessum sýningum er sjónum beint að tilteknum viðfangsefnum eða þeim sem endurspeglar listasöguna, listmiðla og viðfangsefni samtímans. Verk úr safneign Listasafns Reykjavíkur er reglulega lánuð til annarra safna jafnt innanlands sem utan. Fyrir utan það kjarnahlutverk safnsins að vinna að miðlun safnkostsins með sýningum sem byggðar eru á rannsóknum og faglegri úrvinnslu, er listaverkum komið fyrir hjá stofnunum Reykjavíkurborgar. Þetta er gert samkvæmt verklagsreglum sem samþykktar voru í borgarráði 22. október 1996. Nú eru tæplega 500 verk sýnd með þessum hætti 263 í 32 stofnunum Reykjavíkurborgar og 284 hjá öðrum opinberum stofnunum s.s. sendiráðum, ráðuneytum, ríkisstofnunum og hjá félagasamtökum.

### **Lýsing á safnkosti:**

Listasafn Reykjavíkur varðveitir fjölbreytt listaverk sem unnin eru í fjölda miðla og frá ýmsum tímum. Verkin eru alla jafna varðveitt í listaverkageymslum safnsins við bestu skilyrði þó nokkuð þrengi að safnkostinum. Verkin eru frá ýmsum tímum, ýmist gjafir eða innkaup. Að baki hvers númers í safnkostinum er listaverk eða gripur sem flokkast eftir skráningarreglum safna.

### **Jóhannes Kjarval: 5405**

Málverk: 195

Teikningar: 5167

Annað: (t.d grafik,skúlptúr): 43

### **Erró: 4747**

Málverk: 385

Teikningar: 2509

Grafik: 920

Skúlptúr: 74

Samklipp: 637

Annað: 222

### **Ásmundur Sveinsson: 2438**

Skúlptúr: 427

Teikningar: 1975

Annað: 36

### **Alfreð Flóki: 1076**

Teikningar: 1050

Annað: 26

### **Almenn safneign: 3.583**

Málverk, teikningar, samklipp, vídeóverk, hljóðverk, skúlptúrar, innsetningar, grafikverk,

textílvörk, leirvörk, bókverk, lágmyndir og fleiri miðlar eftir um 3000 listamenn.

**Útilistaverk á skrá: 182**

Í eigu borgar: 148

(46 verk í borgarlandinu eru í eigu annarra)



Arna Schram

sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs